



Alþingi
Erindi nr. P 134/2432
komudagur 19.5.2010

18. maí 2010

SI-63245

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum (aukið aðhald og eftirlit), 572. mál.


Með tölvupósti dags. 29. apríl 2010, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram að alþjóðleg samstaða hafi orðið um það að verndun eða efling virkrar samkeppni sé afar mikilvæg í efnahagskreppum. Um þetta sé m.a. fjallað í skýrslu norræna samkeppnisyrvalda um samkeppni og efnahagskreppur sem birt var síðla árs 2009. Þar komi fram það mat að virk samkeppni og samkeppnisstefna sé ein af forsendum norræna velferðarkerfisins. Af fjármálakreppum fyrri tíðar megi læra að aðgerðir sem miða að því að viðhalda og efla virka samkeppni stuðla að því að þjóðir vinni sig hraðar en ella upp úr efnahagslægdum. Samkeppni milli fyrirtækja sé þannig mikilvæg til þess að hraða efnahagsbata og mynda grundvöll fyrir atvinnusköpun og hagsæld. Telur ráðuneytið að þessi sjónarmið eigi augljóslega við hér á landi og því mikilvægt að huga að styrkingu samkeppnislaga. Að lokum segir að frumvarpið sé lagt fram í þessu skyni.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og styður framgang þess.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur